Fjölbreytt dagskrá menningarborgar

Menningarborgin heldur áfram að gleðja íbúa höfuðborgarsvæðisins og aðra sem njóta vilja alls þess sem boðið er uppá í tengslum við verkefnið Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000. Eins og sjá má á meðfylgjandi kynningu er það bæði margt og mikið og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi í mars- og apríldagskránni, sem hér eru gerð nokkur skil í áframhaldandi samstarfi Morgunblaðsins og menningarborgarinnar. Þetta er annað sérblað Morgunblaðsins með kynningu umræddrar dagskrár.

Nýtt listasafn í Hafnarhúsi

Listasafn Reykjavíkur opnar listsýningar í Hafnarhúsi, nýju húsnæði safnsins þann 19. apríl. Opnaðar verða tvær sýningar, annars vegar úrval mynda úr eigu safnsins og hins vegar innsetning frá hendi listamannsins Fabrice Hybert.

Listasafn Reykjavíkur tekur í notkun nýtt húsnæði undir starfsemi sína 19. apríl nk. Hið nýja húsnæði er í Hafnarhúsinu sem hefur verið rækilega endurbætt.

„Engin breyting hefur orðið í húsnæðismálum safnsins frá því Kjarvalsstaðir voru opnaðir 1973, en safneignin hefur vaxið jöfnum höndum á þessum tæplega þrjátíu árum sem liðin eru síðan," sagði Eiríkur Þorláksson forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur um ástæður þess að Hafnarhús er nú orðið listasafn. „Árið 1989 fékk safnið stórfenglega listaverkagjöf frá listamanninum Erró og í kjölfarið voru uppi áætlanir um að breyta Korpúlsstöðum í lista- og menningarmiðstöð sem m.a. myndi hýsa þá listaverkagjöf. Vegna kostnaðar var hætt við þær áætlanir en í stað þess kom upp hugmynd um að nýta hluta af Hafnarhúsinu undir listasafn. Fyrstu tvær hæðirnar voru upphaflega byggðar sem vörugeymslur fyrir innflutning landsmanna. Nú hefur þeim hæðum verið breytt í sýningarsali og þjónusturými fyrir listasafnið. Með þessari breytingu meira en tvöfaldast sýningarrými innan Listasafns Reykjavíkur og nú gefst safninu í fyrsta sinn tækfæri til að setja upp fastar sýningar á listaverkaeign sinni."

– Hvað er að segja um sýningarnar tvær í Hafnarhúsinu?

„Við opnum þetta nýja húsnæði með sýningu á úrvali verka í eigu Listasafns Reykjavíkur sem er ætlað að gefa fólki tækifæri að sjá nokkur meistaraverk frá ýmsum tímum í myndlist 20. aldar hér á landi, en þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi yfirlitssýning. Hin sýningin er innsetning frá hendi franska listamannsins Fabrice Hybert sem hefur hlotið yfirskriftina, Á eigin ábyrgð, en Hybert hefur vakið verulega athygli undanfarin ár, fékk m.a. gullljónið á tvíæringnum í Feneyjum árið 1997. Hann mun væntanlega skapa mjög áhugaverða innsetningu í Hafnarhúsinu og þannig verða góður fulltrúi alþjóðlegrar myndlistar við opnun þessa nýja safnhúsnæðis."



Ljósmynd/Jón Viðar Sigurðsson



Túpilak er ógnvænleg þjóðsagnavera sem hefur fylgt Grænlendingum um langan aldur

Grænlenskir dagar

Grænlensk-íslenska félagið Kalak stendur fyrir grænlenskum dögum sem hefjast 6. apríl í Norræna húsinu. Í boði eru t.d. tónleikar með frægum grænlenskum tónlistarmönnum og verða þeir bæði í Norræna húsinu, þ. e. Rasmus Lyberth, sem er einn frægasti tónlistarmaður Grænlendinga, sem og leikur grænlensk rokkhljómsveit listir sína á Gauki á Stöng að kvöldi 9. apríl.

Í Norræna húsinu verður helgina 8. til 9. apríl stöðug dagská í gangi með fyrirlestrum og myndasýningum frá Grænlandi, á sama stað og sama tíma verður líka sýning á grænlenskum munum og handverki. Grænlenskur matur verður einnig í boði á sama tíma í Norræna húsinu.

Stjörnur himinsins – listahátíð fatlaðra

Stjörnur himinsins er samheiti sýninga sem Ævintýraklúbburinn stendur fyrir í Ráðhúsinu, í Nýkaupi í Kringlunni, Iðnó og Háskólabíói í mars. Myndlistarsýning verður opnuð 3. mars í Nýkaupi.

„Fyrsta sýningin var opnuð í febrúar, það er myndlistarsýning í Japis á Laugaveginum. Við höfum verið að vinna að fjölmörgum sýningaratriðum með dyggum stuðningi Hins hússins og félögum í Tiptop-félagsmiðstöð fatlaðra," sagði Þórunn Helgadóttir hjá Ævintýraklúbbnum, sem hefur veg og vanda af sýningum á listahátíð fatlaðra ásamt Kristni Ingvarssyni, forstöðumanni Tiptop.

– Hvað er Ævintýraklúbburinn?

„Ævintýraklúbburinn er félagsstarf þroskaheftra, fjölfatlaðra og einhverfra og starfið fer fram í hópum, þar sem við erum ýmist að fara í leiki, vinna eitthvað skapandi eða fara „út á lífið", segir Þórunn, sem er framkvæmdastjóri umræddrs Ævintýraklúbbs.

– Hvers konar sýningar eru á listahátíð fatlaðra?

„Við erum að vinna að kvikmynd með nokkrum ungmennum sem fjallar um þau sjálf. Þá er Ingveldur Jónsdóttir að vinna með nokkrum söngvurum atriði úr söngleikjum, t.d. úr Hárinu. Nokkur dansatriði verða, myndlistarsýningar sem fyrr getur, leiksýningar, ljósmyndasýning, handverkssýning og loks kemur út rit með ljóðum og sögum eftir fatlaða.



Guðrún Ósk Ingvarsdóttir, ein af aðalleikurum kvikmyndarinnar á sviði í íslensku óperunni í hlutverki óperusöngkonu

Leikrit um mannlega virðingu og niðurlægingu


Um miðjan mars verður leikritið Landkrabbinn eftir Ragnar Arnalds frumsýnt hjá Þjóðleikhúsinu í leikstjórn Brynju Benediktsdóttur. Þetta leikrit hlaut fyrstu verðlaun í leikritasamkeppni sem Þjóðleikhúsið efndi til á sl. ári

LANDKRABBINN er heiti á nýju leikriti Ragnars Arnalds sem hlaut fyrstu verðlaun í leikritasamkeppni Þjóðleikhússins á sl. ári. Ragnar var spurður hver væri kveikjan að þessu leikriti.

„Það er alltaf erfitt að fullyrða eitthvað um hver sé kveikjan að verki, en staðreyndin er sú að ég var á togara fyrir 40 árum og það er ógleymanleg lífsreynsla. Ég skrifaði leikrit um sveitina sem heitir Sveitasinfónía og mig hefur lengi langað að skrifa leikrit sem gerðist á sjó. Eins og nafnið ber með sér er þetta saga um landkrabbann sem fer á sjó. En þetta er ekki sönn saga, hvorki mín saga né neins annars, heldur er söguþráðurinn spunninn í minni smiðju alfarið. Leikritið fjallar um áhöfn á togara og dálítið óvenjulega veiðiferð sem farin er út á Reykjaneshryggginn. Skip er heimur í hnotskurn, í veiðiferð myndast lokað samfélag sem lýtur eigin lögmálum og þar er miklu meira návígi manna á milli en á nokkrum öðrum vinnustað. Þessi lokaði heimur kemur landkrabbanum alltaf jafnmikið á óvart."

– Notar þú frásögur gamalla skipverja að einhverju marki?

„Nei, þetta er leikrit sem gerist á okkar tímum og það er gríðarlega margt breytt frá því ég var á togara en auðvitað hefði ég aldrei ráðist í að skrifa þetta leikrit ef ég hefði ekki þá reynslu sem fylgdi sjómennskunni."



Ragnar Arnalds

– Breyttir þú leikritinu mikið eftir að kom til samvinnu við leikstjóra og leikara?

„Nei, breytingar eru óverulegar en orðalag hefur breyst hér og hvar. Ég hef átt mjög góða samvinnu við leikara og leikstjóra og tekið tillit til fjölmargra ábendinga sem fram hafa komið á æfingum."

– Hvert er inntak verksins?

„Í grundvallaratriðum er þetta gamanleikrit. Í verkinu er ég fyrst og fremst að segja frá því hvernig sjómannslífið kemur landkrabbanum fyrir sjónir en það gerast óneitanlega talsvert alvarlegir atburðir um borð sem ekki er þó rétt að fjölyrða neitt frekar um. Þetta er leikrit um mannlega virðingu og mannlega niðurlægingu."